



Hafnarfjörður 13. nóvember 2012.
Málsnr. 1006286

Efni: Umsögn vegna umhverfis- og auðlindastefnu fyrir Hafnarfjörð.

Á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs þann 5. september sl. var óskað eftir umsögnum sviða, ráða og nefnda Hafnarfjarðarbæjar.

Skipulags- og byggingarsvið fagnar framkominni stefnu og er hún gott innlegg inní vinnu við endurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar.

Hér er líka ágætis samantekt á öllum þeim gögnum sem tengjast umhverfi og náttúru í umdæmi Hafnarfjarðarbæjar og eins hvað bærinn hefur gert í umhverfismálum svona almennt.

Hins vegar er skýrslan nokkuð yfirgripsmikil og etv. ekki auðveld yfirlestrar nema fyrir þann sem vel þekkir til. Vantar í því samhengi að bæta inn kortum og myndum til að hinn almenni bæjarbúi glöggvi sig betur á hvað um er að ræða.

Einnig má nefna að um er að ræða nýtingu á auðlind þurfi deiliskipulag að liggja fyrir ásamt frágangsáætlun.

Það má einnig benda á að orðaval á sumum stöðum er óheppilegt og getur verið túlkunaratriði og valdið misskilningi eins og í kafla um:

Framkvæmd – leiðir að markmiðum, ábyrg og sjálfbær nýting auðlinda:

"auðlindir sem nú eru í eigu bæjarins skulu vera það áfram sem og nýtingarréttur þeirra, en heimilt er að leigja hann til takmarkaðs tíma innan þess ramma sem lög leyfa" og einnig:

"auðlindir skulu nýttar með sjálfbærum hætti"

Þýðir þetta að það megi nýta allar auðlindir bæjarins og leigja út nýtingarréttinn ef sú aðgerð gerð með sjálfbærum hætti? Það væri etv. heppilegra að bæta við: "ef vilji stjórnvalda er að nýta tiltekna auðlind....."

HAFNARFJARÐARBÆR



www.hafnarfjordur.is

*Skipulags- og byggignarsvið
STRANDGÖTU 6-8
220 HAFNARFJÖRÐUR*

*Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt
SÍMI 585 5600 - BRÉFSÍMI 585 5609
NETFANG berglindg@hafnarfjordur.is*